

2. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikningi hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum þó svo að frá teljast móttökudagar og úttökudagar og gjaldast vextir í eigi minni þörtum en heilum eyri.

3. gr.

14. gr. 4. mgr. orðist svo:

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu vextirnir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það sem innstæðubókin telur.

4. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í loðnunótum, sem heimilt er að nota til loðnuveiða, skal vera 21,0 mm. Í poka nótarinnar, sem miðast við 50 metra á korkateini, er heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að nota til loðnuveiða loðnunætur með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm, sem teknar hafa verið í notkun fyrir útgáfu þessarar reglugerðar.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan

fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 166 3. apríl 1978, um lágmarksmöskvastærð loðnunóta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júní 1981.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,3% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	Minnst kr. 0,90 en mest 1,80 kr./m ³
Vörugeymslur	Minnst kr. 0,90 en mest 1,80 kr./m ³
Aðrar byggingar	Minnst kr. 0,90 en mest 1,80 kr./m ³

Vatnsskattur samkvæmt framanskraðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 149,00 af skattskyldri fasteign.

Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætla vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 420,00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 42,00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 84,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.